



Diplómanám á meistarastigi í bráðahjúkrun (30 e)

Umsóknarfrestur til 15. apríl 2019.



Námið er 30 einingar á meistarastigi og dreifist á fjögur misseri.

Inntökuskilyrði

BS-próf í hjúkrunarfræði eða samsvarandi próf með að lágmarki 6,5 í aðaleinkunn úr BS-prófi, góð enskukunnátta og íslenskt hjúkrunarleyfi.

Markmið

Tilgangur diplómanáms í bráðahjúkrun er að veita hjúkrunarfræðingum tækifæri til að dýpka þekkingu, skilning og færni í hjúkrun bráðveikra og slasaðra sjúklinga innan sem utan heilbrigðisstofnana. Að námi loknu hafa nemendur öðlast sérhæfða þekkingu á einkennum, þörfum sjúklinga og aðstandenda, og viðbrögðum þeirra við bráðum veikindum og slysum, geta metið, forgangsraðað og endurmetið sjúklinga auk þess að þekkja til og veita viðeigandi meðferðir og meta árangur þeirra.

Umsjón með náminu

Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir (thordist@hi.is)

Námsnefnd

Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir, dósent og forstöðumaður fræðasviðs í bráðahjúkrun

Ágústa Hjördís Kristinsdóttir, aðjunkt og sérfræðingur í bráðahjúkrun (ahjordis@landspitali.is)

Ingibjörg Sigurpórsdóttir, sérfræðingur í bráðahjúkrun (ingis@landspitali.is)

Aðgangur að frekara námi

Nemendur geta fengið hluta af diplómanámi sínu metið inn í meistaranám í hjúkrunarfræði.

Miðað er við að lágmarkseinkunn í einstökum námskeiðum í diplómanámi sé 6,0 og að meðaleinkunn úr diplómanámi sé 6,5 til að það sé metið inn í meistaranám.

Skyldunámskeið (26e)

HJÚ140F	Fræðileg aðferð (2e)	H-2019
HJÚ150F	Meðferð bráðveikra I (4e)	H-2019
HJÚ262F	Meðferð bráðveikra II (4e)	V-2020
HJÚ429F	Bráðahjúkrun (6e)	V-2020
HJÚ0AOF	Klínísk bráðahjúkrun (10e)	Vor/Haust*

* Heilsársnámskeið

Valnámskeið (4e)

Nemendur geta valið ákveðin námskeið af Heilbrigðisvísindasviði, öðrum sviðum Háskóla Íslands eða við Háskólann á Akureyri í samráði við námsnefnd.

Fyrirkomulag náms

Námið er sveigjanlegt staðnám og kennt í 6 lotum sem dreifast á aðra hverja viku. Í fræðilegum námskeiðum verður meira og minna hægt að fylgjast með fyrirlestrum í gegnum netið. Mætingarskylda er í umræðutíma og færnistofutíma/hermikennslu auk klíníks náms.

Klínísk bráðahjúkrun er 10 eininga klínískt námskeið sem verður kennt í samvinnu við Landspítala eða 3.-4. stigs bráðamóttöku erlendis. Samkvæmt samstarfssamningi Hjúkrunarfræðideildar og flæðisviðs Landspítala eiga nemendur kost á ráðningu í starfsnám í ákveðinn tíma á bráðamóttöku LSH (í fullt eða hlutastarf) í því markmiði að nemendur uppfylli klínísk hæfniviðmið reynds bráðahjúkrunarfræðings við lok náms.

Nánari upplýsingar

Elín Helgadóttir, verkefnisstjóri framhaldsnáms í síma 525 4910, elinh@hi.is.

*Birt með fyrirvara um breytingar
Mars 2019*